

From: Sif Kröyer - THS <Sif.Kroyer@skra.is>

Sent: þriðjudagur, 30. nóvember 2021 14:43

Cc: Guðni Rúnar Gíslason - THS <guðni.runar.gislason@skra.is>; Þyrí Thorberg Óskarsdóttir - THS <thyri.thorberg.oskarsdottir@skra.is>

Subject: Álagningarkerfi fasteignagjalda og sjálfvirkar skýrslur

Fyrir hönd forstjóra Þjóðskrár, Margrétar Hauksdóttur til sveitarstjóra og fjármálastjóra allra sveitarfélaga

Heil og sæl öll sömul

Á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 8.-9. október sl. var ég með erindi sem nefndist: “Tækifæri í álagningu fasteignaskatta” og vil ég gjarnan koma upplýsingum á framfæri til þeirra sem ekki voru þar viðstaddir. Hér má finna slóð á erindið: <https://vimeo.com/630180535>

Samband íslenskra sveitarfélaga og Þjóðskrá Íslands hafa sammælt um að ráðast í verkefni um endurgerð álagningarkerfisins og samhliða því verði unnið að tillögum sem upphaflega komu frá nefnd um tekjustofna sveitarfélaga árið 2005 um mánaðarlega álagningu fasteignaskatta. Með þeirri breytingu verði jafnræði aukið í skattlagningu og tekjuauki skapast hjá sveitarfélögum. Miðað er við að nýtt álagningarkerfi verði tekið í notkun í ársbyrjun 2023.

Verkefnið skiptist í fimm þætti:



Skipulag verkefnisins er með þeim hætti að stýrihópur er skipaður fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þjóðskrá, tveimur sveitarfélögum og verkefnisstjóra. Greiningarhópur hefur hafið störf og þar eru fulltrúar fjögurra sveitarfélaga, fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, forritarar frá Þjóðskrá og utanaðkomandi forritarar auk verkefnisstjóra, sem er Þyrí Thorberg Óskarsdóttir. Markmiðið er að tryggja að sjónarmið sveitarfélaga komi fram og í því skyni verður haft samband við nokkur minni sveitarfélög varðandi álagningar þeirra.

Í erindi mínu á fjármálaráðstefnunni sagði ég einnig frá því að Þjóðskrá er að leggja lokahönd á gerð sjálfvirkra skýrslna fyrir hvert og eitt sveitarfélag með upplýsingum um fólk og fasteignir. Þessar skýrslur er hægt að sækja á vef Þjóðskrár hvenær sem er og birtast þá rauntímaupplýsingar úr

einstaklingsskrá og fasteignaskrá á örfáum sekúndum, sjá <https://www.skra.is/gogn/sjalfvirkar-skyrslur/skyrslur-sveitarfelaga/>

Það er mikils vert að nýtt álagningarkerfi þjóni sveitarfélögum vel og verða því sendar upplýsingar um gang verkefnisins og kynning verður á kerfisgerðinni er hún verður komin áleiðis.

Að lokum ef einhverjar spurningar vakna varðandi álagningarkerfið bið ég ykkur að beina þeim til þyríar verkefnisstjóra, thyri.thorberg.oskarsdottir@skra.is.

Ef þið hafið ábendingar eða óskið frekari upplýsinga um sjálfvirkar skýrslur þá er Guðni Rúnar Gíslason deildarstjóri samskipta og miðlunar, gudni.runar.gislason@skra.is og Sif Kröyer viðskiptastjóri, sif.kroyer@skra.is, meira en fús að veita þær.

Kveðja,
Margrét Hauksdóttir

Sif Kröyer
Viðskiptastjóri / Business manager
Þjónusta og samskipti



Þjóðskrá / Registers Iceland
Borgartúni 21, 105 Reykjavík Iceland
Sími/Tel: +354 515 5300 | www.skra.is